

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2024, þriðjudaginn 20. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkhartssyni, Andra Val Ívarssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 8/2024:

Knd. Knattspyrnufélags Reykjavíkur
gegn
Stjórn Knattspyrnusambands Íslands og Knattspyrnudeild HK.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur
kt. 591184-0169
Frostaskjólí 2, 107 Reykjavík
Fyrirvarsmáður: Bjarni Guðjónsson

Kærðu:

Knattspyrnusamband Íslands
kt. 700169-3679
Laugardalsvelli, 104 Reykjavík
Fyrirvarsmáður: Jörundur Áki Sveinsson

Knattspyrnudeild HK
kt. 630981-0269
Vallarkór 12-14, 203 Kópavogur
Fyrirvarsmáður: Sandra Sigurðardóttir

Mál þetta var fyrst mótttekið af skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands („KSÍ“) 16. ágúst 2024. Ákvarðaði aga- og úrskurðarnefnd flýtimeðferð máls. Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu fyrir kl. 12.00 þann 20. ágúst. Greinargerðir bárust frá kærðu innan tímafrests.

Kröfur:

Eftirfarandi kröfur eru hafðar uppi af hálfu kæranda:

- Aðallega er þess krafist að kæranda verði dæmdur 0-3 sigur í leik hans við kærða HK
- Þess er krafist að ákvörðun mótanefndar KSÍ að finna leiknum nýjan leiktíma verði ómerkt.
- Þess er krafist að meðan mál þetta er til lykta leitt verði leik liðanna sem settur hefur verið á 22. ágúst frestað.

II.

Ekki er teljandi ágreiningur milli aðila um málavexti og verða þeir eingöngu reifaðir stuttlega.

Þann 8. ágúst 2024 var fyrirhugaður leikur HK og KR í Bestu deild karla kl. 19:15 í Kórnum. Við vallarskoðun dómara leiksins kom í ljós að markstöng á öðru marki vallarins reyndist brotin. Dómarar leiksins gerðu athugasemd við það og var kærða HK gert viðvart. Gerð var tilraun til að koma fyrir varamarki en það passaði ekki í þær undirstöður sem staðar voru en marksúlurnar reyndust of breiðar. Var upphafi leiks frestað um stund fyrst um sinn en eftir að ljóst var að öðru löglegu marki yrði ekki komið fyrir tímanlega tók dómari þá ákvörðun að fresta leiknum. Var sú ákvörðun tilkynnt forráðamönnum liðanna og eftirlitsmanni KSÍ.

Bæði dómari og eftirlitsmaður KSÍ, á fyrirhuguðum leik HK og KR þann 8. ágúst, skiluðu skýrslum til skrifstofu KSÍ og mótanefndar KSÍ þar sem tilgreindar voru ástæður sem leiddu til frestunar á leiknum. Þá barst skrifstofu KSÍ greinargerð frá framkvæmdastjóra HK vegna málsins. Mótanefnd KSÍ kom saman á fundi þann 12. ágúst 2024 og tók þá ákvörðun, með vísan til orðalags í síðustu málsgrein ákvæðis nr. 15.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að setja leik HK og KR í Bestu deild karla á að nýju. Var nýr leikdagur ákveðinn fimmtudaginn 22. ágúst 2024.

Þann 13. ágúst barst erindi frá kæranda til kærða stjórnar KSÍ þar sem farið var fram á það við stjórn KSÍ að HK yrði dæmt til að tapa leik sínum við KR sem fram átti að fara 8. ágúst. Erindi knattspyrnudeildar KR var tekið fyrir á fundi stjórnar KSÍ þann 13. ágúst sl. Tók stjórn KSÍ þá ákvörðun að hafna erindi/beiðni knattspyrnudeildar KR og vísa til niðurstöðu mótanefndar KSÍ í málinu. Var ákvörðun stjórnar KSÍ tilkynnt knattspyrnudeild KR þann 14. ágúst.

Þann 16. ágúst barst skrifstofu KSÍ kæra til aga- og úrskurðarnefndar frá knattspyrnudeild KR vegna framkvæmdar leiks HK og KR, sem fyrirhugaður var 8. ágúst 2024, ákvarðana mótanefndar KSÍ og stjórnar KSÍ í kjölfarið.

III.

Af hálfu kæranda er þess aðallega krafist að kæranda verði dæmdur 0-3 sigur í leik hans við kærða HK. Þá er þess krafist af hálfu kæranda að ákvörðun mótanefndar KSÍ að finna leiknum nýjan leiktíma verði ómerkt. Þá er þess krafist að meðan mál þetta er til lykta leitt verði leik liðanna sem settur hefur verið á 22. ágúst frestað.

Kærandi telur óhætt að fullyrða að veður og vallaraðstæður hafi ekki ráðið því að leik HK og KR var frestað né heldur nokkrar aðrar óviðráðanlegar orsakir. Það sem hafi ráðið því að leiknum var frestað var sinnuleysi starfsmanna HK sem vissu frá hádegi 8. ágúst að marksúlur annars marks vallarins voru brotnar.

Kærandi telur að mótanefnd hafi ekki verið stætt að vísa til síðustu málsgreinar gr. 15.6. reglugerðar KSÍ til þess að ákveða að spila leikinn að nýju. Aðstæður voru ekki óviðráðanlegar og ber HK alla ábyrgð. Af viðtali við Ómar [Vallarstjóra í Kórnum] má einnig ráða að í reynd hafi aldrei verið nein varamörk tiltæk og að HK hafi farið inn í leikinn vitandi að undirstöður marka voru ófullnægjandi.

Kærandi vísar til að samkvæmt gr. 9.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga sé það skýrt að varamark verði að vera tiltækt sem auðvelt er að setja upp krefjist aðstæður þess. Ljóst megi vera að svo var ekki. Við framkvæmdir sem áttu sér stað við völlinn var ráðgert að setja ný mörk upp.

Þegar þau pössuðu ekki við hólkana þá voru gömul mörkin sett í þeirra stað. Mörkin sem áttu því að koma augljóslega virkuðu aldrei, hvorki sem aðalmörk né heldur varamörk. Þannig uppfyllti HK aldrei skuldbindingar sínar skv. leyfiskerfi.

Fullyrðingar vallarstjóra um að þessu yrði kippt í liðinn daginn skipta engu máli því að reglugerð KSÍ um leikvanda gerir beinlínis ráð fyrir atvikum sem þessum og því eru tiltæk úrræði svo tryggt sé að leikur geti farið fram. Fullyrðing vallarstjóra hefur þó vægi varðandi það að aðstæður voru ekki óviðráðanlegar.

Kærandi telur ákvörðun stjórnar KSÍ í málinu fordæmisgefandi enda ekki þekkt sambærileg mál hér á landi. Sambærileg mál hafi hins vegar komið upp erlendis og nægir að nefna leik Start og Bryne í norsku úrvalsdeildinni frá því í nóvember 2023. Fyrirvarsmenn Start höfðu þá hugsað sér að spara hitunarkostnað vallarins og slökktu á upphitun hans. Leiddi það til þess að völlurinn fraus og var óleikhæfur. Af þeim sökum að Start var talið ábyrgt fyrir umgjörð leiksins og að leikurinn fór ekki fram vegna aðstæðna sem þá eina vörðuðu var liði Bryne dæmdur 3-0 sigur. Leiddi þetta til þess að Start missti af umspilssæti í norsku deildinni.

Kærandi nefnir einnig leik í sænska bikarnum frá árinu 2016 milli Jönköpings Södra og Östersunds FK. Þar háttaði svo til að leikur fór ekki fram vegna þess að annað marka á vellinum uppfyllti ekki viðmið fyrir leik. Niðurstaðan var sú að sænska knattspyrnusambandið gerði lið Jönköping ábyrgt fyrir vallarmálum og dæmdi liði Östersund 3-0 sigur. Byggði niðurstaðan á því að heimaliðið væri að öllu leyti ábyrgt fyrir því að tryggja að vallaraðstæður væru með þeim hætti, þ.m.t. mörk vallar að leikur gæti farið fram. Kærandi vísar einnig til tveggja annarra dæma máli sínu til stuðnings.

Kærandi vísa til þess að fyrir leik liðanna hafi bæði lið verið í baráttu í neðri hluta deildarinnar. Var rætt um að úrslit leiksins myndu skipta liðin miklu máli. Fyrirliði KR, Finnur Tómas Pálmason var í leikbanni í þessum tiltekna leik. Með því að leikurinn fór ekki fram þá var leikbann Finns Tómasar fært yfir á næsta leik gegn FH. Telur KR að með því að félaginu yrði gert að spila án fyrirliða síns í leik gegn liði sem var ofar í töflu en HK og KR hafi félagið verið sett í erfiða stöðu, sem beinlínis hefði getað verið HK í hag. Telur KR að þörf sé að skoða það hvernig fara eigi með leikbönn þegar leikjum er frestað. Hvort „fresta eigi“ leikbanni eða fella það niður. Allt að einu mátti Finnur Tómas og KR þola það að leikbann hans var tekið út gegn FH í stað HK.

Kærandi telur að önnur niðurstaða gangi ekki upp. Önnur útkoma t.d. sekt býður heim hættunni á að félög geti með einföldum hætti látið fresta leikjum sínum og þannig haft áhrif á framgang keppni, leikbönn o.fl. HK bar ábyrgð á leiknum í Kórnum. HK hefur undirgengist leyfisreglur KSÍ, samþykkt reglugerð KSÍ um leikvanga og viðurkennir valdsvið aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

Vallarstarfsmenn félagsins vissu að völlurinn var ekki í standi á fimmtudaginn þegar leikurinn átti að fara fram. Þeir hafa upplýst að í fjölda ára hafa þeir vitað að undirstöður markanna í Kórnum séu ekki fullnægjandi og þeir vissu að á leikdag var ekki tiltækt varamark, eins og reglur kváðu um. Þá er niðurstaða mótanefndar á skjön við þá framkvæmd sem þekktist í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

IV.

Kærðu KSÍ og HK var gefinn kostur á að skila greinargerð fyrir kl. 12:00 þann 20. ágúst 2024.

Af hálfu kærða KSÍ er gerð krafa um að kröfum kæranda verði hafnað.

Kærða KSÍ getur tekið undir með kæranda að það hvíli á heimaliði að sjá til þess að leikvöllur sé löglegur þegar viðureign fer fram. Þótt heimalið notist við utanaðkomandi framkvæmdaraðila eða vallarstarfsmenn er ábyrgðin engu að síður heimaliðsins að tryggja lögmæti leikvallar. Framangreint breytir því ekki að KSÍ telur að ekki séu forsendur til að fallast á kröfur KR.

Kærða KSÍ bendir í fyrsta lagi á að samkvæmt grein 34.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sker mótanefnd úr öllum vafaatriðum varðandi framkvæmd móts eða einstakra leikja og hefur hún rétt til þess að breyta leikstað eða leikstund. KSÍ telur að samkvæmt þessu sé ekki hægt að hrófla við ákvörðunum mótanefndar um framkvæmd leikja nema annað komi skýrlega fram í lögum eða reglugerðum sambandsins. KSÍ telur ekki einsýnt að aga- og úrskurðarnefnd geti endurskoðað ákvörðun mótastjórnar í þessu máli. Í grein 12.1(a), sbr. grein 8.2.1, í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál getur aga- og úrskurðarnefnd úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um / breytt úrslitum hans. KSÍ telur framangreind ákvæði gera ráð fyrir að leikur hafi farið fram / verið flautaður á. KSÍ telur að ekki sé heimild fyrir aga- og úrskurðarnefnd að endurskoða ákvörðun mótanefndar um að breyta leikstund viðureignar sem ekki hefur farið fram. Um þetta hljóti mótanefnd að hafa endanlegt ákvörðunarvald sbr. áðurnefnda grein 34.6 í reglugerð KSÍ.

Kærða KSÍ bendir í annan stað á þá meginreglu gilda meðal íþróttasambanda (sem einnig gildir almennt í þjóðfélaginu) að viðurlagaákvæði verði að vera skýr og fyrirsjáanleg og að félög og einstaklingar séu ekki beittir viðurlögum nema fyrir því sé ótvíræð heimild í reglugerðum viðkomandi íþróttasambands. Að sama skapi hlýtur það að teljast meginregla hjá íþróttasamböndum og í anda íþróttar að láta úrslit viðureigna ráðast í þeim sjálfum fremur en á skrifstofu sambandanna. KSÍ vísar í þessu sambandi til greinar 34.5 í reglugerð um knattspyrnumót þar sem segir að þótt félag sé uppvíst að brotum á reglugerðum KSÍ eða knattspyrnulögunum losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu.

Að dæma liði tap í viðureign í stað þess að láta hana fara fram fela að mati KSÍ í sér ein alvarlegustu viðurlög sem sambandið getur beitt, enda aðeins heimild í reglugerðum sambandsins fyrir beitingu slíkra viðurlaga við alvarlegum brotum á borð við það þegar lið mætir ekki til leiks, sbr. 35. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, eða þegar lið teflir fram ólöglegum leikmanni, sbr. 36. gr. sömu reglugerðar. Að framangreindum ákvæðum frágengnum eru sektir einu viðurlögin sem unnt er að beita vegna brota á reglugerðinni.

Kærði telur, með vísan til framangreinds, að ekki sé heimilt að dæma HK tap í umræddri viðureign nema til þess standi skýr heimild í reglugerðum sambandsins. Slíkri heimild er ekki fyrir að fara. Þvert á móti segir í lokamálsl. greinar 15.6 í reglugerð um knattspyrnumót að hafi leikur ekki verið flautaður á skuli hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið. Um er að ræða eina ákvæðið í reglugerðum KSÍ, sem KSÍ er kunnugt um, sem tekur á því tilviki þegar leikur er ekki flautaður á af einhverjum ástæðum. Nánar tiltekið segir 2. mgr. greinar 15.6 í reglugerð um knattspyrnumót segir:

„Miðað skal við að leik sé framhaldið frá þeirri mínútu sem honum var hætt, ef við verður komið og þá skv. forsendum um þátttöku leikmanna sem mótanefnd ákveður. Sé leikaðili í sök skal mótanefnd taka tillit til þess við ákvörðun sína um hvort úrslit skuli standa ef leikur er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af. Hafi leikur ekki verið flautaður á skal hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.“

Kærði vísar til að af framangreindu ákvæði megi ráða að mótanefnd skuli taka tillit til sakar leikaðila við ákvörðun sína um afdrif leiks sem flautaður hefur verið á. Í lokamálsl. ákvæðisins segir á hinn

bógin að hafi leikur ekki verið flautaður á skuli hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið. Ákvæðið er því afdráttarlaust um að fresta skuli leik hafi hann ekki verið flautaður á og þegar lokamásl. er lesinn í samhengi við málsliðinn á undan er ljóst sök leikaðila hefur hér ekki þýðingu. Við blasir að ef annað ætti að gilda um leik sem ekki er flautaður á vegna sakar leikaðila, þá hefði verið mælt fyrir um afleiðingar slíks í reglugerðinni eða einhverri af reglugerðum KSÍ. Svo er ekki. Það skyti því skökku við og væri vægast sagt ófyrirsjáanlegt að fara að dæma liði tap við þessar aðstæður.

Kærða KSÍ geti ekki tekið undir þá skoðun KR að gildissvið greinar 15.6 í reglugerð um knattspyrnumót sé einhvern veginn afmarkað við óviðráðanlegar aðstæður, enda gerir ákvæðið sem fyrr segir ráð fyrir að taka megi tillit til sakar leikaðila við ákvörðun um afdrif leiks sem flautaður er á. Því er ekki hægt að líta á upptalninguna í fyrsta másl. ákvæðisins, sem fjallar annars um skýrslugerð dómara til mótanefndar, sem einhverja tæmandi afmörkun á gildissviði ákvæðisins.

Kærða KSÍ vísar til að jafnvel þótt talið yrði að lokamásl. greinar 15.6 ætti aðeins við þegar óviðráðanlegar orsakir valda því að leikur sé ekki flautaður á, þá breytir það ekki þeirri staðreynd að ekki er fyrir að fara heimild í lögum eða reglugerðum KSÍ til að dæma liði tap við þær aðstæður sem uppi eru í málinu, en eins og áður segir telur KSÍ að ótvíræð heimild þyrfti að standa til slíkrar ákvörðunar. Þau erlendu mál sem KR vísar til sem ætlaðra fordæma byggja eðli málsins samkvæmt á öðru regluverki en reglugerðum KSÍ. Vandséð er að umrædd mál geti haft nokkurt fordæmisgildi í þessu máli hér. Þá liggur ekki fyrir hvert er efni þeirra reglna sérsambandanna sem hlut eiga í málunum.

Varðandi kröfu KR um að leik liðsins og HK 22. ágúst verði frestað þar til mál þetta er til lykta leitt, þá bendir kærða KSÍ að ekki virðist vera til staðar heimild í lögum eða reglugerðum KSÍ til að fallast á slíka kröfu. Þvert á móti má ætla, í samræmi við það sem fram kemur í efnisgrein 7 að framan, að ekki sé heimilt að hrófla við þeirri ákvörðun mótanefndar að leikurinn skuli fara fram umræddan dag, sbr. grein 34.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

V.

Af hálfu kærða HK er gerð krafa um að kröfum kæranda verði hafnað og að ákvörðun mótanefndar um nýjan leikdag, þann 22. Ágúst, haldi gildi sínu.

Kærða HK vísar til að samkvæmt gr. 15.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, samþykkt af stjórn KSÍ, dags. 17. apríl 2024, er gert ráð fyrir því að leikur geti „farist fyrir“ vegna veðurs, ástands vallar eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Getur leikur „farist fyrir“ eftir að leikur er hafinn eða áður en hann er flautaður á, en hið síðarnefnda á við í þessu máli.

Kærða HK vísar til að í ákvæði gr. 15.6 er gerður greinarmunur á því, varðandi afleiðingar þegar leikur „ferst fyrir“, hvort búið hafi verið að flauta leikinn á eða ekki. Kemur skýrt fram í lokamálslið 2. mgr. gr. 15.6. að „[h]afi leikur ekki verið flautaður á skal hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.“ Það er því mjög skýrt að ákvörðun dómara og mótanefndar um að fresta leik var í samræmi við fyrrgreint ákvæði. Samkvæmt orðskýringu ákvæðisins fer sakarmat fer ekki sérstaklega fram nema ef leikur er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð. Engin heimild er til þess í regluverki KSÍ að dæma KR 3-0 sigur í leiknum vegna brotinnar stangar sem HK vissi ekki og mátti ekki vita að væri brotin, sjá nánar síðar. Þótt sakarmat færi fram er ljóst að ekkert gáleysi er til staðar af hálfu HK enda um óviðráðanlegar orsakir að ræða, þar sem HK vissi ekki og mátti ekki vita að stöngin væri brotin. Ekkert sérstakt tilefni var til þess að ætla að annað markið væri brotið, sérstaklega í ljósi samskipta vallarstjóra við verktaka um að sprunga væri í annarri stönginni,

en þá var talið að um sömu sprungu væri að ræða og hafði verið í nokkur ár. HK fékk vitneskju um brot stangarinnar rétt fyrir leik og var því miður ekki hægt að ráða bót á því innan hæfilegs tíma að mati dómara leiksins.

Dómari tók þá ákvörðun að fresta leiknum eins og honum er heimilt, sbr. 5. gr. knattspyrnulaga. Varavöllur HK er Kópavogsvöllur og var hann klár á umræddum leikdegi. Eins og fram kemur í skýrslu dómara þá gerði hvorugt liðið athugasemd við að fresta leiknum. Ef KR hefði haft athugasemdir við slíka frestun þá hefði þjálfari liðsins getað farið fram á að leikurinn yrði spilaður á tiltækum varavelli. En engin slík krafa var gerð af hálfu KR en leiða má af gr. 34.1 reglugerðar um knattspyrnumót að öll mótmæli vegna ákvörðunar dómara eða ástand keppnisvallar eigi að bera fram við dómara fyrir leik. Hefði KR því átt að bregðast strax við ákvörðun dómara og bóka mótmæli við henni. Það var aftur á móti ekki gert og virtist því sátt um að leiknum yrði frestað. Athugasemdir KR komu því fram of seint og ber að hafna kröfum KR strax á þessum grundvelli.

Kærða HK telur að upp hafi komið aðstæður rétt fyrir leiktíma sem HK var óviðráðanlegt að bregðast við í tíma. HK hefði með engu móti geta brugðist við þessari stöðu þar sem fulltrúar HK voru ekki meðvitaðir um að markið væri brotið fyrir leikinn.

Kærða HK vísar til að félagið hafi nú þegar verið sektað af KSÍ vegna frestun leiksins og gert að greiða þá upphæð sem nemur öllum kostnaði KSÍ af leiknum vegna dómara. HK sættir sig við þann úrskurð og telur að miðað við ástæðu frestunarinnar, sem HK gat ekki borið ábyrgð á né greitt úr áður en flauta átti leikinn á, séu hæfileg viðurlög. Þá mun aga- og úrskurðarnefndin taka fyrir á fundi sínum á þriðjudaginn annað mál gegn HK þar sem HK var ekki með fullnægjandi varamörk eins og lög KSÍ kveða á um. Ljóst er að ekki er hægt að refsa HK endalaust fyrir eitthvað sem því var ómögulegt að koma í veg fyrir.

Kærða HK bendir sérstaklega á að hvergi er að finna skýra stoð í lögum KSÍ né reglugerðum KSÍ heimild fyrir aga- og úrskurðarnefndina að dæma KR 3-0 sigur, eins og KR krefst, vegna þeirra atvika sem hér um ræðir. Samkvæmt 35. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, telst lið, sem mætir ekki til leiks og hefur fyrir því engar gildar ástæður, hafa tapað leiknum 0-3. Samkvæmt 36. gr. sömu reglugerðar telst lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Ljóst er, og óumdeilt er, að hvorugt þessara tilvika á við þann leik á milli liðanna sem átti að fara fram 8. ágúst sl., sbr. lýsingu í málsatvikakafla KR þar sem fram kemur að bæði liðin voru tilbúin til leiks.

Kærða HK vísar til að samkvæmt 12. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, samþykkt af stjórn KSÍ 23. febrúar 2024, getur aga- og úrskurðarnefnd KSÍ í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins: a) Úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans. Reglugerðin um knattspyrnumót hefur því að geyma tæmandi tilvik um þau atriði þar sem lið telst hafa tapað leik 0-3. Orðalagið „dæmt um úrslit hans“ ber ekki að túlka svo að nefndinni sé heimilt í þessu tilviki að dæma KR 3-0 sigur. Af hverju 3-0 sigur, en ekki 1-0 eða 2-0? Því er ítrekað að það skorti skýra heimild fyrir aga- og úrskurðarnefndina að dæma KR 3-0 sigur.

Til stuðnings máli kærða HK þá er bent á úrskurð áfrýjunardómstóls KSÍ, mál nr. 6 2023, Valur gegn Víkingi. Í þessu máli er óumdeilt að Víkingur braut gegn ákvæði 36.1 gr. reglugerðarinnar um knattspyrnumót þar sem félagið notaði þjálfara sem var að taka út leikbann. Valur fór m.a. fram á að félaginu yrði dæmt 3-0 sigur. Því var hafnað og Víkingur sætti sekt að fjárhæð kr. 250.000.

Einnig vísar HK til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í kærumáli nr. 3 2023, Stjarnan gegn Víkingi. Málið varðar það að Víkingur hafi ranglega fyllt út nafn þátttakanda í leik liðsins gegn Stjórnunni 16. febrúar 2023. Í úrskurðinum segir: „Aga- og úrskurðarnefnd þykir ljóst, samkvæmt grein 36.3., að ef sýnt þykir að leikskýrsla hafi með vísvitandi hætti verið ranglega fyllt út þá skuli liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra. Sérstakur áskilnaður er gerður í ákvæðinu um að verknaður hafi verið framinn vísvitandi svo því liði sem í hlut á verði úrskurðaður ósigur í viðkomandi leik.“ Þar sem aga- og úrskurðarnefndin taldi ekki fullnægjandi líkur á að Stjarnan hafi sýnt af sér vísvitandi verknað þegar leikskýrslan var ranglega fyllt út, þá staðfesti nefndin sekt Víkings að upphæð kr. 50.000 og hafnaði kröfu Stjórnunnar um að félaginu yrði úrskurðað 0-3 sigur í leik liðanna.

Að lokum vísar HK til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í kærumáli nr. 19/2023, Árbær gegn Kormáki Hvöt. Árbær fór fram á að félaginu yrði úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum þar sem leikskýrsla var ekki fyllt út í samræmi við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Leit nefndin svo á að upp hafi komið upp tæknilegt vandamál við skráningu á rafrænni leikskýrslum á innri vef KSÍ sem gerði það að verkum að félagið gat ekki fyllt út skýrsluna á réttan hátt. Kröfu Árbæjar var því hafnað. Miðað við ofangreind fordæmi er ljóst að ekki skal dæma lið 0-3 ósigur nema brotið sé stórkostlegt og framið af ásetningi en ekki vegna atvika sem félag getur ekki borið ábyrgð á vegna óviðráðanlegra orsaka.

Kærða HK gerir athugasemd við þá málsástæðu KR að HK hafi vitað á leikdegi að markið væri brotið. Er þessu alfarið hafnað og ósannað að vitneskja HK hafi verið til staðar. HK, sem og Kópavogsbæ, eiganda og umsjónaraðila mannvirkisins, var kunnugt um að markið væri með sprungu í annarri stönginni. Um 18:30 kom aftur á móti í ljós að markið væri brotið, en ekki eingöngu með sprungu sem engin áhrif hafði eiginleika og öryggi marksins. Mikill munur er þar á. Eins og fram kom í viðtali við vallarstjóra Kópavogsbæjar þá hefur verið sprunga í markinu í 6 ár og hafa vallarstarfsmenn gert við markið þegar markið hefur á einhvern hátt skemmst. Sú viðgerð tekur um 60 mínútur. Vallarstarfsmenn vissu ekki af brotinu á leikdegi og gátu því ekki brugðist við fyrr en of seint. Framkvæmdum lauk í Kórnum fyrr þennan umrædda dag og bendir allt til þess að markið hafi brotnað við skiptingu á gervigrasinu, enda markið ekki brotið fyrir framkvæmdina. Engin athugasemd hefur verið gerð öll þessi ár af eftirlitsmanni KSÍ um ástand markanna í Kórnum. Gert var við markið daginn eftir að umræddur leikur átti að fara fram og fór fram leikur í Lengjudeild kvenna fimmtudaginn 15. ágúst án þess að eftirlitsmaður KSÍ gerði athugasemd við mörkin. Varamörk eru alltaf til staðar í Kórnum en ávallt þarf að aðlaga mörkin að hólkunum áður en þau eru sett niður. Eftir slíka aðlögun uppfylla þau skilyrði knattspyrnulaga KSÍ um mörk. Skipta átti um mörk og hólka samhliða gervigrasskiptunum en verktakinn gat ekki útvegað mörkin né hólkana innan þess tímaramma sem þeir höfðu, skv. verksamningi við Kópavogsbæ, til þess að skipta um gervigrasið. Hólkarnir og mörkin ættu að berast og vera sett upp innan fárra vikna.

Kærða HK vísar til að Kópavogsbær er eigandi mannvirkisins og ber ábyrgð á viðhaldi hússins, þ.m.t. skiptingu á gervigrasinu sem nýverið hefur farið fram. Kópavogsbær samdi við Metatron um skiptingu á gervigrasinu í Kórnum og hafði framkvæmdadeild bæjarins eftirlit með framkvæmdunum, eins og eðlilegt er. Röð atvika varð til þess að ekki komu upp viðvörunarflogg sem hefðu átt að koma upp er það uppgötvaðist að markið væri brotið. HK gat ekki brugðist við einhverju sem það vissi ekki um en reyndi svo sannarlega að bæta úr annmörkunum á staðnum, en án árangurs.

Kærða HK vísar á bug þeim fordæmum sem KR tiltekur í sinni kæru. Þegar vísað er til erlendra fordæma, hvort sem er fyrir dómstólum eða úrskurðarnefndum hvers konar, er það til siðs, eðlilega, að afhenda þau fordæmi skriflega til að gagnaðili og dómurinn/úrskurðaraðili geti kynnt

sér það af eigin raun. Hvorki eru látnir fylgja með hlekkir sem vísa á umrædda úrskurði né málavextir ítarlega reifaðir. Þá er ekki tekið fram hvort umræddar reglur sem gilda um viðkomandi félög séu á einhvern hátt samræmdar íslenskum reglum sem gilda um knattspyrnuleiki og knattspyrnuleikvanga á Íslandi. Ítrekað er að þær aðstæður sem upp komu rétt fyrir leik voru þess eðlis að erfitt var að verjast þeim og bregðast við fyrir leiktíma. Tilvísun til þessara fordæma hefur því ekkert gildi.

Því er harðlega mótmælt af hálfu kærða HK, eins og gefið er til kynna í yfirlýsingu KR í fjölmiðlum þann 15. ágúst sl. og í niðurstöðukafla kærunnar, að HK hafi einhvern hag af því að gera heimavöll sinn ónothæfan til að tryggja sér einhverju yfirburði. HK hafði til umræða varavöll í u.þ.b. 5 km fjarlægð frá Kórnum. Það var hins vegar dómari sem ákvað að fresta leiknum í stað þess að færa hann á varavöllinn. Þá hafði HK lagt út í ýmsan kostnað sem fylgir svona leikdögum sem ekki mun fást endurgreiddur, auk þess sem þessi frestun hafði í för með sér afar neikvætt umtal um félagið. HK hefur því á engan hátt tryggt sér einhverja yfirburði með frestun leiksins. Því er auk þess hafnað að það hafi ekki valdið neinum eftirmálum fyrir HK geta ekki tryggt aðstæður á leikdegi.

Kærða HK neitar því ekki að bera ábyrgð á leiknum í Kórum en hafnar því alfarið að HK hafi vitað af því eða mátt vita að völlurinn var ekki í standi umræddan leikdag. Því er einnig hafnað að undirstöður markanna séu ekki fullnægjandi, mörkin hafa ávallt staðist skoðun fyrir hvern leik, þangað til nú er mark brotnað í framkvæmdum án vitundar HK þegar skipt var um gervigras. Þá hafnar HK þeirri órökstuddu fullyrðingu sem fram kemur í kærinni að niðurstaða mótanefndar sé á skjön við þá framkvæmd sem þekkist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Fordæmi frá áfrýjunardómstóli KSÍ og aga- og úrskurðarnefndar KSÍ skýra sig sjálf hér.

Kærða HK hafnar því með öllu kröfum KR og telur að þær séu í engu samræmi við ástæður þess að leikurinn gat ekki farið fram. Þá hefur HK nú þegar verið sektað af KSÍ og ber að greiða kostnað KSÍ sem til féll vegna dómara. 28. HK ítrekar kröfur sína um að öllum kröfum KR verði hafnað og að ákvörðun mótanefndar um nýjan leikdag, þann 22. ágúst, haldi gildi sínu.

VI. Niðurstaða:

Í máli þessu hefur kærandi uppi kröfur í þremur liðum gagnvart kærðu vegna framkvæmdar kærða HK á leik HK og KR í Bestu deild karla, sem fyrirhugaður var þann 8. ágúst sl., og ákvarðana sem teknar voru í kjölfarið af hálfu mótanefndar KSÍ og stjórnar KSÍ. Aðallega er þess krafist að kæranda KR verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins við kærða HK. Þá er þess krafist að ákvörðun mótanefndar KSÍ að finna leiknum nýjan leiktíma verði ómerkt. Í þriðja lagi er þess krafist að á meðan mál þetta er til lykta leitt verði leik liðanna sem settur hefur verið á 22. ágúst frestað.

Tekið er undir það með kæranda að framkvæmd kærða HK á fyrirhuguðum leik HK og KR í Bestu deild karla, sem fram átti að fara þann 8. ágúst sl., var verulega ábótavant. Kærða HK hafi borið ábyrgð á framkvæmd fyrirhugaðs leiks, sbr. grein 15.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Beri gögn málsins það með sér að kærða HK hafi, í aðdraganda leiks, ekki gætt þess að knattspyrnumörk leikvallar í Kórnum uppfylltu reglur í Handbók leikja og ákvæði 9. greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Breyti þar engu um ábyrgð HK þó vallarstjórn Kórsins heyri undir Kópavogsbæ. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að beita viðurlögum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ gagnvart m.a. aðildarfélögum KSÍ vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum, sbr. grein 2.3. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fyrir liggur að aga- og úrskurðarnefnd er í aðskildu máli með til umfjöllunar skýrslu eftirlitsmanns og skýrslu dómara vegna framkvæmdar á fyrrgreindum leik. Í máli þessu gerir kærandi hins vegar kröfu um

að KR verði úrskurðaður 0-3 sigur vegna vankanta í framkvæmd leiksins. Er í málinu, af hálfu kæranda, gerð krafa um afar íþyngjandi viðurlög í garð kærða HK. Að mati nefndarinnar og á grundvelli almennra lagasjónarmiða þarf skýr viðurlagaheimild að vera fyrir hendi þannig að víst megi telja að tiltekin viðurlög liggja við tilgreindu broti, sbr. þegar lið mætir ekki til leiks, sbr. 35. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, eða þegar lið teflir fram ólöglegum leikmanni, sbr. 36. grein sömu reglugerðar. Það er mat nefndarinnar að þau viðurlög, sem kærandi gerir kröfu um vegna brota kærða HK við framkvæmd fyrirhugaðs leiks HK og KR í Bestu deild karla, hafi ekki viðhlítandi stöð í lögum- eða reglugerðum KSÍ. Verður aðalkröfu kæranda, um KR verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins við kærða HK, því hafnað.

Kærandi krefst þess að ákvörðun mótanefndar KSÍ, að finna umræddum leik HK og KR nýjan leiktíma, verði ómerkt. Byggir málartilbúnaður kæranda m.a. á því að mótanefnd KSÍ hafi, með vísan til síðustu málsgreinar í grein 15.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, ekki verið stætt á að finna leik HK og KR í Bestu deild karla, sem fyrirhugaður var þann 8. ágúst sl. nýjan leiktíma. Aðstæður og ástæður sem legið hafi að baki ákvörðun um frestun leiksins hafi ekki verið óviðráðanlegar og beri kærða HK alla ábyrgð. Þannig geti ákvæði greinar 15.6. reglugerðarinnar ekki átt við.

Samkvæmt grein 32.1 laga KSÍ annast Mótanefnd KSÍ yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í 15. grein reglugerðarinnar er fjallað um framkvæmd og skipulag leikja. Segir þar m.a. í 6. málsgrein að farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara, t.a.m. vegna ástands vallar skuli dómari tilgreina ástæðu í skýrslu til mótanefndar. Í máli því sem hér er uppi verður ekki annað séð en að dómari hafi tekið þá ákvörðun að fresta leik HK og KR, sem fram átti að fara þann 8. ágúst sl., vegna ófullnægjandi vallaraðstæðna. Er það alfarið á valdi dómara að ákvarða hvort leikvöllur og vallaraðstæður séu fullnægjandi og hvort leikur skuli fara fram, sbr. reglum í Handbók leikja og 5. grein knattspyrnulaganna. Í kjölfarið hafi það fallið í hlut mótanefndar KSÍ að taka ákvörðun um afdrif leiksins m.t.t laga- og reglugerða KSÍ. Að mati aga- og úrskurðarnefndar er niðurlag greinar 15.6 skýrt og afdráttarlaust um hver afdrif leiks, sem farist hefur fyrir og ekki verið flautaður á, skuli vera. Með vísan til þessa og greinar 34.6. reglugerðar knattspyrnumót er ekki fallist á það með kæranda að mótanefnd KSÍ hafi ekki verið heimilt á að finna leik HK og KR nýjan leiktíma. Samkvæmt grein 34.6. sker mótanefnd KSÍ úr öllum vafaatriðum varðandi framkvæmd móts og einstakra leikja og hefur hún rétt til þess að breyta leikstað eða leikstund. Er kröfu kæranda um ómerkingu á ákvörðun mótanefndar KSÍ því hafnað.

Með vísan til áðurnefndrar greinar 32.1 laga KSÍ og 4. greinar starfsreglna mótanefndar KSÍ er ljóst að ákvörðunarvald um frestun leikja og hvenær þeir skuli settir á að nýju falli í hlut mótanefndar KSÍ. Er því ljóst að aga- og úrskurðarnefnd hefur ekki úrskurðarvald um kröfu kæranda um að leik HK og KR í Bestu deild karla sem settur hefur verið 22. ágúst nk. verði frestað á meðan mál þetta er til lykta leitt. Er þeirri kröfu því vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

VII.

Úrskurðarorð:

Kröfum kæranda í fyrsta og öðrum kröfuleið er hafnað. Kröfu kæranda skv. þriðja kröfuleið er vísað frá.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkhartsson [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]